

Hakimi gegn Belgíu

Dómur frá 29. júní 2010

Mál nr. 665/08

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Áfrýjun refsídóms. Áfrýjunarfrestur. Leiðbeiningar um áfrýjun.

1. Málsatvik

Kærandi, Abdelkader Hakimi, er marokkóskur ríkisborgari, fæddur 1965. Hann afplánar refsídóm í fangelsi í Andenne í Belgíu.

Þann 15. september 2006 var kærandi sakfelldur fyrir að hafa tekið þátt í starfsemi hryðjuverkasamtaka og dæmdur í 8 ára fangelsi og 2.500 evra sekt. Hann var ekki viðstaddur dómsuppkvaðninguna. Dómurinn var afhentur kæranda sama dag í Saint-Gilles fangelsinu. Dómurinn var á frönsku og gat ákærði ekki lesið hann en kærandi hafði notið aðstoðar túlks á meðan meðferð málsins og rannsókn þess hafði staðið. Kæranda var ekki gerð grein fyrir því að hann hefði 15 daga áfrýjunarfrest. Tæpum sex vikum síðar óskaði kærandi eftir endurskoðun á máli sínu. Hann byggði m.a. á því að hann hefði ekki notið aðstoðar túlks þegar niðurstaða dómsins var kynnt honum og að fangelsisýfirvöld hefðu neitað honum um upplýsingar um möguleika á áfrýjun.

Þann 9. mars 2007 hafnaði áfrýjunardómstóll málaleitan kæranda á grundvelli þess að beiðni hans hefði komið of seint. Dómstóllinn vísaði í fordæmi hæstaréttar landsins um að það væru engar reglur sem kvæðu á um að tilkynna bæri sakborningi um möguleika á áfrýjunum, hvaða stofnanir væru bærar til að taka við slíkum áfrýjunum og innan hvaða frests yrði að senda þær. Þann 27. júní 2007 staðfesti hæstiréttur niðurstöðu áfrýjunardómstólsins. Í niðurstöðunni var tekið fram að hvorki Mannréttinasáttmáli Evrópu né belgísk lög kvæðu á um að sakborningur ætti að fá að vera viðstaddur dómsuppkvaðningu eða að tilkynna bæri honum um möguleika hans á áfrýjun.

Í kjölfar þess að dómstóllinn fjallaði um sambærilegt álitamál árið 2007 sem einnig varðaði Belgíu brugðust belgísk stjórnvöld við. Nú er sakborningum gerð grein fyrir möguleikum þeirra á áfrýjun í kjölfar dómsuppkvaðningar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á 1. mgr. 6. gr. sáttmálans og vísaði til þess að áfrýjun hefði verið hafnað á þeirri forsendu að hún hefði komið of seint fram. Hann benti sérstaklega á að fangelsisýfirvöld hefðu ekki tilkynnt honum um þá tímafresti sem giltu þegar honum var kynntur dómurinn í máli sínu.

Niðurstaða

Kærandi tók sérstaklega fram að markmið hans með kæru til Mannréttindadómstólsins væri að fá mál sitt tekið upp að nýju í Belgíu. Í belgískum lögum var heimild til slíkrar endurupptöku í kjölfar áfellsdóms Mannréttindadómstólsins. Aftur á móti var vafi á því hvort slík heimild næði jafnframt til tilvika þar sem belgísk stjórnvöld hefðu sjálf einhliða viðurkennt brot. Belgísk stjórnvöld höfðu viðurkennt að þau hefðu brotið gegn 1. mgr. 6. gr. og höfðu þau vegna þessa greitt kæranda 10 þúsund evrur í miskabætur. Af þessum sökum hafnaði dómstóllinn beiðni kæranda að því er beiðni hans um úrbætur varðaði.

Dómstóllinn fjallaði því um efnisatriði málsins. Vísaði hann til fyrra máls sem varðaði sambærileg atvik. Í því máli hafði dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn rétti kæranda í því máli með því að kveða upp dóm að sakborningi fjarstöddum og hafna síðan beiðni hans um áfrýjun vegna tímafresta. Dómstóllinn taldi að hið sama hefði átt sér stað í máli kæranda og þess vegna hefði verið brotið gegn réttindum hans samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Að lokum tók dómstóllinn fram að viðurkenning á broti stjórnvalda væri nægilegar bætur fyrir kæranda. Hann ítrekaði að eðlilegt væri að belgísk stjórnvöld tækju mál kæranda upp að nýju til að tryggja að málsmeðferð í máli hans samræmst 6. gr. sáttmálans.